

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 15. nóvember 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-59/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 21. ágúst 2017 bað X, fyrir hönd bróður síns sem haldinn er þroskaskerðingu, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á kæliskáp af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur kæliskápin gallaðan og krefst endurgreiðslu kaupverðs eða nýrrar afhendingar.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 30. ágúst 2017. Andsvörin voru send til álitsbeiðanda sama dag og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og ekki bárust frekari athugasemdir til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 8. nóvember 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Þann 2. september 2013 keypti bróðir álitsbeiðanda kæliskáp fyrir 68.500 krónur af seljanda. Að sögn álitsbeiðanda er kæliskápurinn nú hættur að kæla. Krefst hann þess að kvörtunarfrestur vegna galla kæliskápsins verði talin fimm ár en ekki tvö ár líkt og seljandi hafi haldið fram. Seljandi hefur boðið álitsbeiðanda 10.000 króna afslátt af nýjum kæliskáp sem átti að kosta 40.000 krónur en álitsbeiðandi féllst ekki á það. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði kaupverð kæliskápsins eða afhendi sér nýjan sambærilegan kæliskáp sér að kostnaðarlausu.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að álitsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að um galla hafi verið að ræða á kæliskápnunum og því sé ekki unnt að verða við kröfum álitsbeiðanda. Ekki sé unnt að útiloka að utanaðkomandi aðstæður hafi orðið til þess að kæliskápurinn hafi gefið sig, en margir þættir geti haft áhrif á endingu kæliskápa og annarra raftækja, til að mynda spennuójafnvægi, skyndilegt straumrof o.fl. Þá telur seljandi að ef kæliskápurinn hafi verið haldinn galla við afhendingu hefðu slíkir gallar komið fyrir fram heldur en um fjórum árum eftir kaupin.

### **V**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði kaupverð kæliskáps sem keyptur var þann 2. september 2013 fyrir 68.500 krónur, eða að seljandi afhendi sér nýjan sambærilegan kæliskáp. Álitsbeiðandi byggir á því að kæliskapurinn hafi verið haldinn galla við kaupin þar sem hann sé farinn að kæla of lítið og telur kvörtunarfrest vegna kaupa á kæliskáp vera fimm ár en ekki tvö ár samkvæmt neytendakaupalögum.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir:

*„Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.*

*Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. [...]*“

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að kæliskapurinn hafi ekki verið haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin um galla yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna er mælt fyrir um tilkynningarfresti vegna galla, en þar segir:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“*

Kærunefndin hefur talið, m.a. í málunum nr. 12/2012, 79/2010, 58/2010, að frestur til að bera fyrir sig galla á kæliskápum sé fimm ár. Telur kærunefndin því að 5 ára kvörtunarfrestur gildi um kæliskáp álitsbeiðanda. Það að kæliskapurinn eigi undir ákvæði laganna um fimm ára kvörtunarfrest breytir það því ekki að meta þarf hvort kæliskapurinn hafi raunverulega verið haldinn galla við kaupin. Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram gögn eða rök fyrir því að um galla sé að ræða, en líkt og að framan greinir hvílir sönnunarbyrði um slíkt á honum. Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu er því ekki unnt að sjá að kæliskapurinn hafi verið haldinn galla í skilningi laganna við kaupin og hafa engar sönnur verið færðar fyrir því við meðferð málsins. Miðað við fyrirbyggjandi gögn virðist mega rekja umrædda bilun til sakar álitsbeiðanda eða aðstæðna sem hann varða í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson